

Sp.

44. Tillaga til þingsályktunar

[43. mál]

um endurskoðun laga um stuðning við leikfélög áhugamanna.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til endurskoðunar lög nr. 15 frá 15. marz 1965, um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.

Greinargerð.

Lög þau, sem hér er lagt til, að tekin verði til endurskoðunar, eru frá árinu 1965 og voru þá stórt spor fram á við til eflingar leiklistarstarfsemi áhugafólks. Hiklaust má fullyrða, að þessi starfsemi sé oftlega mesta menningarframlag íbúanna í hinum smærri byggðarlögum. Um það eru víst allir sammála, að það beri að hlynnna eftir föngum að slíkri starfsemi.

Nokkur atriði laga þessara, svo sem um upphæð styrkja, eru þegar orðin alls ófullnægjandi fyrir leikfélögin. Nú, þegar reynsla hefur einnig fengizt af framkvæmd laganna, er eðlilegt, að þau séu tekin til endurskoðunar í samráði við samtök áhugaleikfélaga.

Um skiptingu styrkja eftir flokkum hefur ætíð verið um skiptar skoðanir að ræða, og eins hefur ákvæði um framlag sveitarfélaga reynzt erfitt í framkvæmd.

Það þarf einnig að huga að nýjum leiðum til þess að örva leiklistarstarfsemina og ekki síður að veita áhugafólkinu einhver tækifæri til að ná betri tókum á viðfangsefnum sínum með beinu námskeiðahaldi, sem þyrfti þá að styrkja verulega.

Þar væru fastráðnir leikstjórar á vegum B. Í. L. (Bandalags ísl. leikfélaga) e. t. v. heppilegasta lausnin, þar sem námskeiðahald í ýmsu, er leiklist varðar, yrði meðal árlegra verkefna þeirra.

Það þarf líka að verða um meira samstarf að ræða milli ráðuneytisins og B. Í. L. um alla framkvæmd laganna.

Þó hlýtur fjárhagslega atriðið, sem 5. grein laganna fjallar um, að verða þyngst á metunum í endurskoðun allri, enda brýnnust nauðsyn á því að gera þar á leiðréttingu hið fyrsta, svo að upphaflegt markmið laganna nái sem bezt fram að ganga.